

að afgreiða hvern einstakling á næturvörslu í Reykjavík (þ. e. á tímabilinu kl. 22—9 eða 10 eftir því sem við á), en annars staðar utan almenns opnunartíma, sbr. 3. gr.

Gjald þetta má ekki innheimta, þegar um er að ræða afgreiðslu samkvæmt lyfseðli, sem greinilega er auðkenndur þannig, að hann skuli afgreiða þegar í stað og í næturvörslu (t. d. nocte).

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 20. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76 21. maí 1982, öðlast gildi við birtingu.

Jafnframt falla úr gildi reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða í Reykjavík nr. 166/1972 með síðari breytingu nr. 611/1981 og reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. janúar 1983.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Ingolf J. Petersen.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 519 14. desember 1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.**

1. gr.

Fyrri málsg. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ráðuneytið skipar samstarfsnefnd um framkvæmd gjaldeyrismála, er skipuð skal fimm mönnum, formanni, sem sé fulltrúi ráðuneytisins, fulltrúa Seðlabankans og einum fulltrúa frá hverjum gjaldeyrisviðskiptabanka. Skal kostnaður af starfi nefndarinnar greiddur af leyfisgjöldum, sbr. 5. gr. Starfsemin er undir yfirstjórn ráðuneytisins.

2. gr.

20. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Í lánanefnd eiga sæti 8 fulltrúar tilnefndir af viðskiptaráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu, Seðlbankanum, gjaldeyrisviðskiptabönkum, Framkvæmdastofnun ríkisins og Þjóðhagsstofnun. Formaður nefndarinnar er fulltrúi viðskiptaráðuneytisins, en umsóknir um lántökuheimildir skulu sendar viðskiptaráðuneytinu.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett skv. lögum nr. 63 31. maí 1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála og lögum nr. 10 29. mars 1961 um Seðlabanka Íslands, öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytið, 18. janúar 1983.*

**Tómas Árnason.**

*Pórhallur Ásgeirsson.*